

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar í Reykjanesbæ.

Í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 20. september 2017 samþykkt breytingar á deiliskipulagi:

1. *Hafnargata 29.*
Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að byggja ofan á bygginguna og gerð er breyting á byggingarreit.
2. *Hátún 20.*
Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að innrétta bílskúr sem íbúð.
3. *Austurbraut 2.*
Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að bæta hálfri hæð ofan á húsið og stigahúsi við húshlið.
4. *Brekkubraut 7.*
Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að breyta bílgeymslu í íbúðarými.
5. *Brekkustígur 44.*
Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að byggja við þvottastöð að austanverðu.
6. *Hólagata 9.*
Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að byggja bílskúr á lóð.
7. *Faxabraut 8.*
Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að innrétta bílskúr sem íbúð.
8. *Seljudalur 35.*
Deiliskipulagsbreytingin felst í að byggingarreitur á lóð er stækkaður og nýtingarhlutfall fer í 0,29.
9. *Kirkjubraut 28.*
Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að færa bílgeymslu aftur að lóðamörkum og stækka íbúðarými að baklóðamörkum við Kópabraut.
10. *Brekadalur 9.*
Deiliskipulagsbreytingin felst í stækkun á byggingarreit um 2 m.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Reykjanesbæ, 3. október 2017.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.